

Sp.

405. Þingsályktun

um ráðstafanir til verndar lýðræðinu og öryggi ríkisins og undirbúning löggjafar í því efni.

(Afgreidd frá Sp. 8. apríl).

Alþingi ályktar að lýsa því yfir, að það væntir þess, að ríkisstjórnin og önnur stjórnarvöld hafi vakandi auga á þjóðhættulegri starfsemi þeirra manna og samtaka, sem vinna að því að kollvarpa lýðræðisskipulaginu með ofbeldi eða aðstoð erlends valds, eða að því að koma landinu undir erlend yfirráð, svo og hverra þeirra annara, er ætla má, að sitji á svikráðum við sjálfstæði ríkisins, enda beiti ríkisstjórnin öllu valdi sínu til varnar gegn slíkri starfsemi.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á því, hvernig hið íslenska lýðræði fái fest sig sem best í sessi og varizt með lýðræðis- aðferðum jafnt áróðri sem undirróðri ofbeldisflokka og annara andstæðinga lýðræðisins. Ennfremur láti ríkisstjórnin endurskoða ákvæði íslenzkrar löggjafar um landráð. Athugunum þessum verði lokið fyrir næsta Alþingi og svo frá þeim gengið, að þær geti orðið undirstaða löggjafar um þessi efni.